

Norðfirðingur

2. tölublað 1999

24. árgangur

Síldarball !

Síldarball Norðfirðingafélagsins verður haldið laugardaginn 23. október, sem er fyrsti vetrardagur, og hefst kl 21:00 á veitingastaðnum Kaffi Catalína:

Á boðstólum verður:

**Síld og rúgbrauð að heiman
Ískaldur snafs og opinn bar
Lifandi tónlist (Gammel dansk)**

Mætum öll hress og fjörug !

Viðtakan

Síldarball haldið í 4. sinn

Ágætu félagar!

Síldarballið verður nú haldið í fjórða sinn. Það verður á veitingastaðnum Kaffi Catalína í Hamraborg 11 í Kópavogi, Þinghóli. Við höfum áður skemmt okkur þarna og nú er búið að breyta húsnæðinu töluvert, þannig að það er rýmra og hentar okkur betur en áður.

Eins og fram kemur á forsíðu verður skrallið laugardaginn 23. október og við reiknum með að mæta kl 21. (Merkið á dagatalið þennan merka viðburð).

Eins og á fyrri síldaböllum okkar verður boðið upp á norðfirskar veitingar – síld að austan og rúgbrað – kaldi snafsinn er á landsvísu og barinn alþjóðlegur. Aðgangseyrir verður aðeins **kr. 800**, sá sami og í fyrra þrátt fyrir öll þenslumerkin í þjóðfélaginu.

Þarna getum við spjallað, sungið og dansað, en hljómsveitin “Gammel dansk” heldur uppi fjörinu.

Síldarböllin eru vinsæl – um 200 mættu síðast. Missið ekki af þessari ágætu, óformlegu skemmtun.

Sólarkaffið

Síðast hittust Norðfirðingar á sólarkaffi og aðalfundi sem haldið var að venju í Safnaðarheimili Bústaðarkirkju. Það var sunnudaginn 31. janúar. Á fundinum voru kosnir tveir nýir í stjórn, þau Fanney Jóhannsdóttir og Sigurður Friðjónsson, í stað Sigríðar Hermannsdóttur og Ingibjargar Aradóttur. Við gæddum okkur á sólarpönnukökum og öðru góðgæti til að minnast þess gamla góða siðar að fagna sólinni þegar hún fer að skína á bæinn okkar eftir lángan vetur. Annáll liðins árs var lesinn og við hlýddum á fagra tónlist sem Jón Skuggi og félagar fluttu.

Austfirska sveiflan endurtekin?

Fjölmargir í Norðfirðingafélaginu hittust á veitingastaðnum Broadway á nokkurs konar árshátíð 16.janúar. Þar voru norðfirskir tónlistarmenn með tónlistarveislu, svokallaða Rokk og sálarveislu. Það var gífurlega skemmtilegt. Hugsanlegt er að þeir verði aftur í vetur og þá með Las Vegas tónlist ; Sinatra, Presley, Tom Jones o.fl. Verum vakandi fyrir auglýsingum í blöðum. Enginn ætti að verða svikinn af slíkri hátíð.

Kráarkvöldin takast vel!

Efnt var til kráarkvölds á Kringlukránni laugardaginn 20.mars. Þetta er enn óformlegri samkoma heldur en Síldarballið. Fólki virðist líka þessi háttur vel, en formlegar og dýrar árshátíðir virðast gengn-ar sér til húðar – enda dýrt og mikið framboð af árshátíðum vinnustaða, þorrablótum og þess háttar.

Þeir sem hafa aðgang að Netinu ættu að fara inn á slóð sem sérstaklega er tileinkuð Norðfirði. Vikulega eru skráðar fréttir af staðnum með ljósmyndum og þarna er hægt að finna netföng Norðfirðinga. Það er Englendingur búsettur í bænum sem annast síðuna og slóðin er **www.islandia.is/~reynirneil**

Útgefandi: Norðfirðingafélagið
Kjarrhólma 20,
200 Kópavogi.

Formaður: Lára Jóna Þorsteinsdóttir (564-3622)
Ritstjóri: Hermann Sveinbjörnsson (565-7588)